

Fjórðungssamband Vestfirðinga



Fundur í stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga haldinn fimmtudaginn 20. júní 2013, kl 10.00, með aðstoð síma frá Bíldudal, Ísafirði og Reykhólum.

Mætt voru Albertína F Elíasdóttir, formaður, Friðbjörg Matthíasdóttir, Ómar Már Jónsson, Sigurður Pétursson og Sveinn Ragnarsson. Einnig sat fundinn Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri og ritaði hann einnig fundargerð.

1. Fundargerð 7. júní 2013

Lögð fram drög að fundargerð 7. júní s.l., stjórn tekur frest til 21. júní að skila inn athugasemdum við fundargerð.

2. Starfsmannamál.

Framkvæmdastjóri kynnti að alls hefðu borist 13 umsóknir um starf verkefnastjóra byggðaþróunardeildar FV. Framkvæmdastjóri kynnti efni tilboða frá ráðgjafastofum um að meta hæfni umsækjenda. Framkvæmdastjóra falið að semja við ráðgjafastofu á grundvelli tilboða.

3. Aðalfundur Atvest.

Boðað hefur verið til aðalfundar Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða hf mánudaginn 24. júní n.k., kl 13.00, fundurinn verður haldinn á Ísafirði. Samþykkt er að formaður fari með umboð FV á fundinum.

a. Skipan fulltrúa í stjórn

Rætt um skipan fulltrúa í stjórn félagsins með hliðsjón af hlutafjareign FV.

b. Fjárhagsáætlun atvest, framlög sveitarfélaga til atvest.

Samkvæmt samþykktum félagsins er lögð fram endurskoðuð fjárhagsáætlun 2013 og fjárhagsáætlun fyrir árið 2014. Rætt um framlög sveitarfélaga til starfsemi félagsins og FV og samhengi við ákvarðanir um fjárhagsáætlanir sveitarfélaga. Óskað er eftir að gerð verði samantekt á þróun framlaga til FV og Atvest frá árinu 1997.

4. Málþing um samgöngumál 21. júní 2013

Framkvæmdastjóri lagði fram endurskoðaða dagskrá málþings um samgöngumál haldið verður föstudaginn 21. júní kl 12.30 í Íþróttahúsinu á Tálknafirði. Erindi flytja fulltrúar úr samgöngunefnd FV, fulltrúar atvinnulífs á Vestfjörðum, Hanna Birna Kristjánsdóttir, innanríkisráðherra og Hreinn Haraldsson, vegamálastjóri.

5. Önnur mál.

Samþykkt að næsti formlegi fundur verði haldinn eftir verslunarmannahelgi en kallað verði til símafundar ef fjalla þarf um ráðningu verkefnastjóra.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 11.00